

EFNISYFIRLIT

Frá forstjóra.....	4
Heildarstefna	8
Skipurit.....	9
Framúrskarandi þjónusta	10
Samfélagsleg ábyrgð.....	12
Mannauður.....	14
Rekstur	16
Markmið og árangur.....	19
Vínbúðir ársins.....	20
Ársreikningur 2009	23
Skýrsla og áritun forstjóra	24
Áritun endurskoðenda	25
Rekstrarreikningur árið 2009.....	26
Efnahagsreikningur 31. desember 2009.....	27
Sjóðstreymi árið 2009	29
Skýringar	30
Sundurliðanir.....	34

FRÁ FORSTJÓRA

Viðskiptavinir ÁTVR hafa aldrei verið eins ánægðir með þjónustu Vínbúðanna frá því mælingar á ánægju þeirra hófust árið 2003. Samkvæmt niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar er ÁTVR í öðru sæti í flokki smásölufyrirtækja með rúmlega 73 stig. Við sem störfum hjá ÁTVR erum afskaplega stolt og ánægð með árangurinn og þakklát viðskiptavina okkar fyrir svo háa einkunn. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka starfsfólki vel unnin störf.



Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR

Hlutverk ÁTVR

Hlutverk ÁTVR er vandasamt. Áfengi er nefnilega ekki eins og hver önnur vara á markaði enda flokkað sem eitt af fimm hættulegustu vímuefnum heims. Notkun áfengis getur verið ávanabindandi og misnotkun hefur neikvæðar afleiðingar fyrir neytandann og samfélagið. Bein tengsl eru á milli heildarneyslu áfengis og þess skaða sem neyslan veldur í samfélaginu, þegar neyslan vex þá eykst skaðsemin. Það er ástæðan fyrir því að stjórnvöld reyna að draga úr heildarneyslunni.

Í gegnum tíðina hafa ýmsar leiðir verið reyndar til þess að takmarka sölu á áfengi. Eitt öflugasta tæki til þess er ríkisrekin áfengisverslun með einkaleyfi til smásölu á áfengi eins og í tilfalli ÁTVR. Á bannárunum var víða öll sala áfengis bönnuð en nú á síðari tímum er algengt að smásala á áfengi sé háð ströngum skilyrðum t.d. með sérstöðum leyfum eða ríkisreknum einkasölum. En af hverju er hlutverk ÁTVR vandasamt? Skýringin á því er einfaldlega sú að ÁTVR verður að gæta þess að ná fram markmiðum ríkisins um aðhald í sölu ásamt því að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu.


Línudans milli þjónustu og aðhalds

Erfitt getur verið að finna jafnvægið milli góðrar þjónustu við viðskiptavini og aðhaldssamrar áfengisstefnu. Við hjá ÁTVR erum stöðugt að dansa línudans þarna á milli.

Miðað við niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar virðist augljóst að okkur hefur tekist vel til með þjónustuna. Viðskiptavinir okkar hafa aldrei verið ánægðari. Þá er spurningin hvornig við stöndum okkur gagnvart aðhaldinu. Þegar skoðað er hvornig áfengisneyslan hefur þróast á síðustu árum virðist við fyrstu sýn hægt að halda því fram að við höfum ekki staðið okkur nægilega vel í stykkinu. Áfengisneyslan, sem mæld er í alkóhóllitrum á mann, hefur stöðugt farið vaxandi í hópi 15 ára og eldri frá árinu 1993 og árið 2007 var hún komin í 7,6 lítra.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að rekstur ríkiseinkasölu er aðeins einn þáttur í aðhaldssamri áfengisstefnu. Annar veigamikill þáttur er skattar. Það er vel þekkt að háir skattar á áfengi draga úr sölu. Ef þróun áfengisskatta er skoðuð frá árinu 1993 má sjá að þeir hafa ekki haldið í við verðlagsþróun og raunverð á áfengi því farið lækkandi á undanförunum árum. Þegar við bætist að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa á sama tíma verið að aukast er ekki að undra að áfengisneyslan hafi aukist. Ef ríkiseinkasala hefði ekki verið á þessum tíma má leiða að því líkum að salan og neyslan hefðu aukist enn meira.

Nú eru hins vegar merki um að söluþróunin sé að snúast við. Áfengisskattar voru hækkaðir mjög á síðasta ári þótt þeir séu ekki komnir upp í það raunverð sem þeir voru árið 1994. Salan hjá ÁTVR dróst lítilliga saman á síðasta



ári og við sjáum merki um sömu þróun það sem af er árinu. Samfara hækkan skatta er kaupmáttur almennings að dragast saman og því má búast við að neysla áfengis minnki áfram. Ef það gerist má ætla að skaðsemi vegna misnotkunar minnki og lýðheilsa almennings batni.

Mikilvægi ríkiseinkasölu á áfengi

Eðlilegt er að fólk spyrji af hverju mikilvægt sé að hafa ríkisrekna einkasölu á áfengi. Geta einkaaðilar ekki sinnt þessu verkefni eins og svo mörgum öðrum? Svarið við spurningunni er einfaldlega nei. Einkaaðilar geta ekki sinnt þessu verkefni þegar markmiðið er að draga úr sölu. Einkarekstur, samkeppni og markaðsöflin eru einfaldlega of sterk. Eða með orðum Johns D. Rockefeller, eins aðaltalsmanns frjálsrar samkeppni fyrr á tímum:

„Aðeins þegar hagnaðarhævötinni hefur verið eytt er von til þess að hægt sé stjórna áfengissölu til hagsbóta fyrir sómasamlegt samfélag“

Drifkraftur sífellds aukins hagnaðar rekur einstaklinga áfram og þeir leita stöðugt leiða til þess að auka sölu og þar með bæta sinn hag. Enda er það vel þekkt að þar sem smásala á áfengi er frjálst er neyslan meiri og skaðsemin í þjóðfélaginu þar með. En hvað gerir ríkisreknar áfengiseinkasölur frábrugðnar einkareknum verslunum? Af hverju selur ríkisrekin áfengiseinkasala minna en aðrar verslanir á frjálsum markaði?

Þessum spurningum er auðvelt að svara. Það eru einkum fjórir þættir sem skipta þar mestu.

Í fyrsta lagi er ríkiseinkasala ekki rekin í hagnaðarskyni eins og einkafyrirtæki. Starfsfólk ríkiseinkasölu og eigendur, þ.e. almenningur í landinu, hafa engan persónulegan hag af því að auka sölu og þar með sinn hagnað eins og einkafyrirtæki gera.

Í öðru lagi er engin samkeppni því engum er leyft að keppa við ríkiseinkasölu. Ef áfengissalan væri á frjálsum markaði þá myndi samkeppni milli verslana óhjákvæmilega leiða til aukinnar sölu.

Í þriðja lagi takmarkar ríkiseinkasala aðgengi að áfengi með takmörkun á fjölda verslana og takmörkun á opnunartíma.

Í fjórða lagi virðir ríkiseinkasala lög og reglur, sérstaklega hvað varðar t.d. áfengiskaupaaldur, opnunartíma og bann við markaðsstarfsemi og söluhvetjandi aðgerðum.

Samanlagt stuðlar þetta að því að minna áfengi er selt en ef smásala á áfengi væri gefin frjálst.

Ný heildarstefna ÁTVR

Á árinu samþykkti stjórn ÁTVR nýja heildarstefnu. Þar kemur fram að tilgangurinn með rekstri ÁTVR er að bæta lýðheilsu með því að framfylgja áfengisstefnu stjórnvalda. Í dag vilja flestir lífa heilbrigðu lífi og hugsa vel um heilsuna. Hluti af því er að umgangast áfengi með ábyrgum og heilbrigðum hætti. Þannig minnka skaðleg áhrif misnotkunar og lýðheilsa batnar. Að því vill ÁTVR stuðla.

Leiðarljós verslunarinnar er að ná fram ábyrgari neyslu áfengis hjá almenningi. En hvað er átt við með ábyrgari neyslu? Hvað getur ÁTVR gert í því sambandi? Í stuttu máli má skýra það þannig að við viljum ná lengra en eingöngu að selja viðskiptavinum okkar vöruna. Við viljum líka hafa áhrif á viðhorf til áfengismála í samfélaginu.

Þetta á sérstaklega við um þá sem ekki hafa aldur til þess að kaupa áfengi. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á að neysla áfengis getur haft margvísleg skaðleg áhrif á ungt fólk. Það er engin tilviljun að áfengiskaupaaldur er miðaður við 20 ár. Sífelldu eru að koma fram nýjar rannsóknir sem sýna fram á þennan skaða. Samt er til fólk sem kaupir áfengi fyrir unglunga og finnst það sjálfsagt. Þeim viðhorfum þurfum við að breyta. Muna ekki flestir eftir því þegar boðið var upp á sigarettur og áfengi í fermingarveislum. Hver gerir slíkt í dag?

ÁTVR ætlar sér að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Það er afskaplega mikilvægt fyrir ÁTVR að viðskiptavinir verslunarinnar séu ánægðir með þjónustuna. Það er vegna þess að sölukerfið er í eðli sínu íþyngjandi fyrir viðskiptavinina. Varan er dýr og ríkiseinkasala felur í sér

alls konar takmarkanir sem viðskiptavinum geta fundist óþægilegar. Vínbúðir eru t.d. ekki á hverju horni og opnunartími þeirra er takmarkaður. Ef viðskiptavinirnir eru óánægðir er hætt við að erfitt yrði fyrir ríkið að halda úti ríkiseinkasölukerfi hvað svo sem allri lýðheilsu liði. ÁTVR mun því kappkosta að veita viðskiptavinum sínum áfram góða og vandaða þjónustu.

Samfélagsleg ábyrgð

Í nýju stefnunni fyrir ÁTVR er lögð mikil áhersla á samfélagslega ábyrgð. ÁTVR vill vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. En hvað þýðir samfélagsleg ábyrgð í þessu sambandi? Í sinni einföldustu mynd snýst samfélagsleg ábyrgð um að láta gott af sér leiða í samfélaginu og bera virðingu fyrir reglum samfélagsins og umhverfinu.

Við hjá ÁTVR erum að selja vöru sem getur verið mjög skaðleg fyrir neytandann og samfélagið. Við þurfum því að fylgjast vel með rannsóknum á sviði áfengismála og miðla þeirri þekkingu til viðskiptavina okkar ef ástæða er til. Þetta á sérstaklega við um tengsl áfengis og heilsu en ÁTVR vill hvetja viðskiptavinina sína til heilbrigðrar og ábyrgar neyslu. Í því felst meðal annars að söluvara okkar sé notuð í hófi og við réttar aðstæður.

Við lítum á það sem eitt af okkar mikilvægustu verkefnum að standa vörð um unga fólk og vernda það gagnvart áfengi og misnotkun þess. Breyta þarf þeim viðhorfum í þjóðfélaginu að áfengisneysla unglunga sé í lagi. Við fylgjum því ströngum reglum um aldurseftirlit og eigum samstarf við lögreglu og forvarnaraðila. Einnig fer ÁTVR í auglýsingaherferðir sem beinast að þessu markmiði og er „Bíddu“ herferðin gott dæmi um það.



Við leyfum enga söluhvetjandi starfsemi eða markaðssetningu í Vínbúðunum. Við leyfum ekki lífsstílsauglýsingar sem tengjast áfengi á vörum og umbúðum og við forðumst sölu á vöru sem markaðssett er til ungs fólks.

Við vinnum að sjálfbærni í umhverfismálum og leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru samkvæmt „Global Compact“ sáttmála Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, mannréttindi, spillingu og vinnuástöðu. Á þessu sviði eigum við gott samstarf við systurfyrirtæki okkar á Norðurlöndum.

Skýrsla starfshóps um áfengismál

Á árinu 2009 var skipaður starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins til þess að gera heildstæða úttekt á áfengislöggjöfni. Hópurinn átti meðal annars að leggja mat á lagaumhverfi Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, skattlagningu á áfengi, áfengisauglýsingar og markaðssetningu áfengis. Hugmyndin var svo að nota niðurstöður starfshópsins til þess að móta stefnu til framtíðar í áfengismálum. Í hópnum voru fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu, Landlækniseimbættinu, dómsmálaráðuneytinu og Tollstjóraembættinu.

Starfshópurinn skilaði í janúar skýrslu um niðurstöður sínar. Í skýrslunni koma fram upplýsingar sem eru mjög jákvæðar fyrir okkur sem störfum hjá ÁTVR. Starfshópurinn telur að við snum mikilvægu samfélagslegu hlutverki og það sem við gerum á því sviði sé bæði gott og þarft. Einnig telur hópurinn óæskilegt að afnema einkasölu ríkisins á smásölu áfengis og vill þvert á móti styrkja stöðu ÁTVR. Niðurstaða skýrslunnar er mikil viðurkenning á starfsemi ÁTVR og það sem við stöndum fyrir. Það er ánægjulegt að sjá svo jákvæða

umsögn um okkur og enn betra að sjá að starfshópurinn telur að styrkja eigi starfsemi ÁTVR enn frekar.

Starfshópurinn telur að brýnasta verkefni stjórnvalda í áfengismálum sé að móta heildstæða áfengisstefnu með skýrum og raunhæfum markmiðum. Mælir hópurinn með að sett sé slík áfengisstefna og ný löggjöf um áfengismál sem byggir á þeim markmiðum sem stjórnvöld ætla að ná. Enn fremur telur starfshópurinn nauðsynlegt að hlutverk ÁTVR verði þar vel skilgreint og að ÁTVR fái úrræði til þess að sinna hlutverki sínu sem einkaleyfishafi á smásölu áfengis.

Í upphafi var starfshópnum falið að gera heildstæða úttekt á áfengislöggjöfni. Sú úttekt liggur nú fyrir með útgáfu skýrslunnar. Nú hefur starfshópnum verið falið að vinna áfram og gera tillögur að lagabreytingum sem þarf að gera til þess að koma umgjörðinni um áfengismálin í gott horf. Í því efni koma nokkur álitamál til skoðunar. Meðal annars má nefna löggjöf um áfengisauglýsingar, mat á því hvort endurskoða þurfi áfengiskaupaaldur og hvort skattlagning á áfengi sé í réttu horfi.

Við vitum að áfengi er ekki eins og hver önnur venjuleg söluvara vegna þeirrar skaðsemi sem misnotkun þess veldur í samfélaginu. Því er mikilvægt að lagaramminn sem gildir um áfengismálin sé eins góður og vandaður og kostur er. Við hjá ÁTVR fögnum því að ný löggjöf um áfengismál sé komin á dagskrá og bindum miklar vonir við að vel takist til í þágu bættis samfélags.

Ívar J. Arndal

HEILDARSTEFNA

TILGANGUR

Að stuðla að bættri lýðheilsu með því að framfylgja stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum

LEIÐARLJÓS

Ábyrgari neysla áfengis

STEFNA

Við ætlum að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð

ÁHERSLUR

Viðskiptavinir

Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og uppfyllum væntingar hans
Þjónusta okkar einkennist af lipurð, gagnsæi og hlutleysi og við leggjum áherslu á að fræða viðskiptavini
Vöruúrval okkar er áhugavert og fjölbreytt og byggir á gæðum og ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð

Við störfum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og stuðlum þannig að ábyrgri notkun áfengis
Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélagið
Við viljum láta gott af okkur leiða og vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð

Hagkvæmni

Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi í öllu okkar starfi
Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð
Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur okkar

Mannauður

Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð
Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og að öll aðstaða og umgjörð geri því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt
Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni og geti þannig mætt væntingum viðskiptavina um framúrskarandi þjónustu



Lipurð




Þekking



Ábyrgð

SKIPURIT



Skipurit endurspeglar starfsemi fyrirtækisins. Þann 1. desember tók gildi nýtt skipurit ÁTVR. Það byggir, eins og fyrra skipurit, á þjónustuhugsun þar sem stoðsviðum er ætlað að þjónusta megin svið. Megin sviðin eru nú tvö, vörudreifing og heildsala tóbaks ásamt sölu- og þjónustusviði.

Meginástæða breytinganna er að fella skipuritið betur að starfsemi fyrirtækisins og draga fram kjarnaþætti starfseminnar, innkaup, dreifingu og sölu.

Í nokkur ár hafa verið starfandi þverfaglegir verkefna- og umbóta hópar og eru þeir nú orðnir fastir liðir í skipulagi fyrirtækisins. Hóparnir vinna að fyrirfram skilgreindum verkefnum og starfa til lengri eða skemmri tíma. Alls störfuðu níu verkefnahópar og þrjú umbóta hópar á árinu með þátttöku um 30 starfsmanna frá mismunandi sviðum og starfsstöðvum.

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og uppfylfum væntingar hans. Þjónusta okkar einkennist af lipurð, gagnsæi og hlutleysi og við leggjum áherslu á að fræða viðskiptavini. Vöruúrval okkar er áhugavert og fjölbreytt og byggir á gæðum og ábyrgð.



Að vita meira og meira ...

Þemadagar hafa verið fastur liður í Vínbúðunum um nokkurra ára skeið. Á árinu voru þemadagarnir þrír með áherslur tengdar mataruppskriftum. Fyrst voru sumarvín með fjölbreyttu úrvali uppskrifta. Því næst var blásið til smáréttaveislu í september og árið endaði á glæsilegri eftirrétta- og uppskriftum. Í tengslum við smárétta- og eftirrétta- og uppskriftum. Alls hafa nú verið gefin út fimm smárit í tengslum við þemadaga sem notið hafa mikilla vinsælda auk smárita um úrvalsvín og kokteila. Vínblaðið hefur skapað sér fastan sess hjá viðskiptavinum. Gefin eru út 4 tbl. á ári. Meginefni Vínblaðsins er vöruskrá Vínbúðanna en auk þess er í blaðinu margvíslegur fróðleikur tengdur mat og víni auk greina á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Allt útgefið efni má nálgast á vinbudin.is.

vinbudin.is

Á árinu var opnuð ný vefbúð á vinbudin.is. Í vefbúðinni er hægt að skoða vöruúrval Vínbúðanna í rólegheitum, panta vörur og fá sendar í hvaða Vínbúð sem er, án endurgjalds. Allar vörur eru greiddar með kreditkortum um leið og verslað er. Með þessu móti hefur vöruúrvalið stóraukist fyrir þá sem búa t.d. á landsbyggðinni og fyrir þá sem vilja aðrar tegundir en þær sem fást í nálægum Vínbúðum.

Öflugur uppskriftavefur er ein af nýjungum ársins á vinbudin.is. Þar má nálgast allar uppskriftir sem Vínbúðin hefur gefið út í tengslum við þemadaga og útgáfu Vínblaðsins. Áhersla hefur verið lögð á að gera vöruleit aðgengilega og öfluga. Hægt er að leita eftir matarflokkum, geymslumáta og upprunastað auk hefðbundnari þátta eins og heiti, vörunúmeri, verði, landi og þrúgu svo eitthvað sé nefnt.



Á árinu var opnuð ný vefbúð á vinbudin.is. Í vefbúðinni er hægt að skoða vöruúrval Vínbúðanna í rólegheitum, panta vörur og fá sendar í hvaða Vínbúð sem er, án endurgjalds. Allar vörur eru greiddar með kreditkortum um leið og verslað er.

Jákvætt viðhorf viðskiptavina og fjölbreytt vöruúrval

Íslenska ánægjuvugin mælir ánægju viðskiptavina hjá 25 íslenskum fyrirtækjum með samræmdum hætti. Í flokki smásöluverslana voru Vínbúðirnar í öðru sæti og voru „hástökkvarar“ hvað varðar ánægju viðskiptavina. Þegar titið er til allra fyrirtækja voru Vínbúðirnar í fjórða sæti. Við erum stolt af árangrinum enda hefur ánægja viðskiptavina aldrei mælst hærrí í þau sjö ár sem ÁTVR hefur tekið þátt í þessari könnun.

Einn þáttur sem hefur mikil áhrif á ánægju viðskiptavina er vöruúrval. ÁTVR leggur metnað í að vöruúrval sé fjölbreytt og í samræmi við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma. Til grundvallar er vöruvalsstefna ÁTVR. Til að framfylgja stefnunni eru skilgreind stefnumið um vöruval, um jafnræði og hlutleysi gagnvart birgjum og um samfélagslega ábyrgð. Vínbúðirnar Heiðrún og Kringlan hafa um langt árabil verið með mesta vöruúrvalið. Á árinu var vöruúrval Vínbúðarinnar í Skútuvogi aukið og bættist hún þar með í hópinn. Er vöruúrval þessara Vínbúða nálægt því að vera um 1800 tegundir. Að jafnaði má gera ráð fyrir að í vöruvali þessara þriggja Vínbúða geti viðskiptavinir valið úr um 670 tegundum rauðvína, 430 tegundum hvítvína og 165 tegundum af bjór.

Samvinna við birgja

Samstarf og samvinna við birgja er mikilvægur þáttur þegar kemur að vöruúrvali og framkvæmd vöruvalsstefnu. Reglulega er fundað með birgjum en auk þess eru framkvæmdar tvær viðhorfskannanir á ári þar sem birgjum gefst kostur á að koma á framfæri viðhorfum til fyrirtækisins og fjölmargra þátta sem snerta samskipti og upplýsingagjöf. Birgjar hafa aðgang að sérstöku vefsvæði þar sem þeir geta nálgast margvíslegar upplýsingar um þær vörur sem þeir hafa í sölu auk fréttu og tilkynninga. Ferli verðbreytinga hefur verið einfaldað og geta birgjar nú breytt verði rafrænt í gegnum birgjavef.

Um nokkurra ára skeið hefur birgjum gefist kostur á að kynna vín sín fyrir starfsfólki Vínbúðanna. Í desember var samstarfið aukið enn frekar með því að birgjum var boðið að koma og kynna fyrir starfsfólki vín sem voru á þemadögum í desember. Óhætt er að fullyrða að vel tókst til og áhugi er á áframhaldandi samstarfi á þessu sviði.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Við störfum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og stuðlum þannig að ábyrgri notkun áfengis. Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélagið. Við viljum láta gott af okkur leiða og vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð.



Á undanförunum árum hefur áhersla á samfélagslega ábyrgð verið ríkari þáttur í starfsemi ÁTVR en áður tíðkaðist. Ásamt því að vinna beint að forvarnarstarfi hefur ÁTVR lagt metnað sinn í að starfa með þeim aðilum sem vinna að forvörnum. Má þar nefna samstarf við Umferðarstofu um auglýsingaherferðir sem snúa að áfengi og akstri undir yfirskriftinni „Sá sem flöskustútur lendir á“. Á árinu var framhald á samstarfi við Gólf samband Íslands og Umferðarstofu þar sem birtar voru auglýsingar sem beint var til golfara undir yfirskriftinni „Er driverinn drukkinn?“. Var auglýsingunum ætlað að benda golfurum landsins á að akstur og áfengi fara aldrei saman. ÁTVR hefur einnig styrkt ýmis mannúðar- og forvarnarmál sem tengjast neyslu vímuefna og fyrirbyggjandi starfsemi.

Skilríkjaeftirlit

Fyrirferðarmesti þátturinn í samfélagslegri ábyrgð snýr að skilríkjaeftirliti. Á starfsfólki Vínbúðanna hvílir sú skylda að ganga úr skugga um að viðskiptavinir hafi aldur til að kaupa áfengi og mikil áhersla er lögð á að afgangi ekki þá sem eru undir 20 ára aldri. Skilríkjaeftirliti í Vínbúðunum má skipta í tvo meginþætti.

- Hulduheimsóknir þar sem kannað er hvort ungt fólk á aldrinum 20 – 25 ára sé spurt um skilríki þegar það verlar. Þetta eftirlit er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum.
- Í öðru lagi er fylgst með því hversu oft er spurt um skilríki í hlutfalli við heildarafgreiðslufjölda.

Vínbúðunum eru sett markmið varðandi báða þessa þætti og eru þeir hluti af frammistöðumati Vínbúðanna. Í samvinnu við lögregluna hafa verið haldin námskeið um skilríkjaeftirlit og meðal annars farið yfir hvernig greina megi fölsuð skilríki. Nokkrar auglýsingaherferðir hafa verið gerðar á undanförunum árum í þeim tilgangi að auka skilning viðskiptavina á mikilvægi þess að hafa skilríkin meðferðis í Vínbúðina og hvetja þá til að sýna þau að fyrri bragði. Auglýsingarnar hafa verið birtar í Vínbúðunum, í sjónvarpi, útvarpi, blöðum, tímaritum og á netinu. Þetta hefur mælst vel fyrir, bæði hjá starfsfólki og viðskiptavinum og stefnt er að því að halda áfram á sömu braut.

BÍDDU HÉR
ÞANGAÐ TIL
ÞÚ ERT ORÐIN
20 ÁRA

Herferðir

ÁTVR hefur staðið fyrir nokkrum auglýsingaherferðum í samfélagslegum tilgangi. Auglýsingaherferðin „Láttu ekki vín breyta þér í svín“ hefur hlotið góðar viðtökur en markmið hennar er að beina sjónum að neikvæðum hliðum óhóflegrar neyslu áfengis. Þannig er bent á að þegar fólk drekkur of mikið gerir það stundum hluti sem það gerir ekki allsgáð. Auglýsingunum er ætlað að höfða á áhrifaríkan hátt til þeirra sem eru orðnir þreyttir á drykkjulátum en einnig að vera þörf ábending til þeirra sem fyrir þeim standa. Þær eiga að vekja umræðu og hvetja fólk til að velta fyrir sér ábyrgri neyslu áfengis og ekki síður hvernig það sjálft hegðar sér undir áhrifum. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og var herferðin meðal annars tilnefnd til verðlauna í flokki samfélagslegra auglýsinga á auglýsingahátíðinni Eurobest og var þar í hópi fjögurra annarra auglýsinga. Einnig var hún valin best af áhorfendum auglýsingahátíðarinnar í Cannes úr hópi 400 almannaheillaherferða frá 35 löndum.

Auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „Bíddu - hafðu skilríkin meðferðis“ var sýnd á árinu og fékk góðar viðtökur. Markmiðið með auglýsingunum er að vekja á jákvæðan hátt athygli á áfengiskaupaaldrinum og hvetja ungt fólk til að sýna skilríki að eigin frumkvæði. Í auglýsingunni er ungum dreng, sem gerir tilraun til að kaupa áfengi, sagt á mjög kómískan hátt að biða þar til hann verði tvítugur.



Norrænt samstarf

ÁTVR hefur í samstarfi við áfengiseinkasölu á Norðurlöndunum unnið að innleiðingu samfélagslegrar ábyrgðar í virðiskeðjunni. Samstarfið nær til Systembolaget í Svíþjóð, Alko í Finnlandi, Vinmonopolet í Noregi og Rúsdrekkasæla Landsins í Færeyjum. Markmiðið er að koma á virku eftirliti með virðiskeðjunni í samvinnu við birgja. Áætlunin nær til fjögurra ára og miðar að því að ræða við birgja um samfélagslega ábyrgð (CSR), sem er byggð á siðareglum er miðast við „Global Compact“ sáttmála Sameinuðu þjóðanna um lágmarksréttindi hins vinnandi manns og skyldur vinnuveitenda.

Þegar ÁTVR hefur samið um siðareglurnar við birgja kemur ákvæðið inn í vörusamninga og alla vörusamninga. Þar með hafa ÁTVR og birgjar skuldbundið sig til að vinna eftir siðareglunum sem byggja á „Global Compact“ - verkefni Sameinuðu þjóðanna.

MANNAUÐUR

Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og að öll aðstaða og umgjörð geri því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni og geti þannig mætt væntingum viðskiptavina um framúrskarandi þjónustu.

Gildin okkar

Gildum er ætlað að endurspegla sameiginleg viðhorf starfsfólks og vera þannig grunnur allra samskipta og þjónustu. Á árinu hefur verið unnið eftir gildum ÁTVR sem eru LIPURÐ – ÞEKking – ÁBYRGÐ. Starfsfólki voru gefnar sumargjafir og um leið minnt á mikilvægi þess að með jákvæðu viðhorfi er auðvelt að sýna LIPURÐ, með því að auka ÞEKkingu og miðla henni verður ánægja samstarfsfólks og viðskiptavina meiri og að lokum að ÁBYRGÐ er órjúfanlegur hluti af rekstri og þjónustu.

Á árinu var unnið að endurskoðun þjónustustefnu fyrirtækisins þar sem gildin eru í lykilhlutverki svo ná megi fram stefnu þess: að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki með ábyrgð. Ný þjónustustefna var kynnt í upphafi ársins 2010.

Fræðsla

Umbótarhópur um framtíðarskipulag fræðslumála skilaði niðurstöðum á fyrri hluta ársins 2009. Markmiðið var að framtíðarskipulag fræðslumála verði í samræmi við heildarstefnu ÁTVR og þarfir og væntingar starfsfólks. Leitað var eftir áliti starfsfólks um það skipulag sem gilt



hafði um leið og mikil vinna var lögð í að kortleggja væntingar um fræðslu í framtíðinni. Tillögurnar miða að því að starfsfólk Vínbúðanna hafi góða þekkingu á vörum og þjónustu. Haustið 2009 tók gildi ný fræðsluáætlun sem byggir á tillögum hópsins undir merkjum Vínskóla Vínbúðanna.

Í framtíðinni verður vínfræðsla hluti af nýliðanámsskeiði sem haldið er fyrir allt nýtt starfsfólk tvisvar sinnum á ári. Öllu starfsfólki verður gert skylt að sækja grunnnámskeið í vínfræðum innan sex mánaða eftir að þeir hefja störf hjá fyrirtækinu. Það sama á við um tímavinnufólk en þar eru tímamörkin

12 mánuðir. Nýjung í fræðslunni eru stutt námskeið um afmörkuð viðfangsefni sem haldin eru á hverri önn til að viðhalda og auka þekkingu starfsfólks. Vínskólinn er í samstarfi við virtan breskan vínskóla, WSET. Á árinu útskrifaðist einn nemandi til viðbótar með gráðu frá skólanum og starfar sem vínráðgjafi í Vínbúðunum, ásamt níu öðrum.

Á árinu var farið í náms- og kynnisferð til Rioja á Spáni. Markmið ferðarinnar var að auka viðsýni og þekkingu starfsfólks og kynnast vínækt og vinnmenningu landsins.



Vinnustaðagreining

Árleg vinnustaðagreining er mikilvægt tæki til að fá fram skoðanir starfsfólks á fjölmörgum þáttum í rekstri og samskiptum. Capacent Gallup framkvæmir könnunina og fæst mikilvægur samanburður við önnur fyrirtæki ásamt samanburði við fyrri ár.

Í könnuninni eru greindar 13 lykilsurningar. Eins og í fyrri könnun komu spurningarnar „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu hjá Vínbúðunum (ÁTVR)“ og „Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi mínu“ best út og er niðurstaðan sambærileg eða betri en einkunn þeirra sem eru í topp 30%. Þær spurningar sem komu lakast út voru þær sömu og árið áður og var einkunn þeirra nánast sú sama og fyrra ár. Spurningarnar eru: „Á sl. sex mánuðum hefur yfirmaður minn eða vinnufélagi rætt við mig um frammistöðu mína í starfi“, „Einhver í vinnunni hvetur mig til að þróast í starfi“ og „Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum“. Almennt séð eru þetta þær þrjár spurningar sem fá lökustu einkunn hjá starfsfólki íslenskra fyrirtækja. Hér er tækifæri til að gera betur og hefur á árinu t.d. verið gert átak í að hvetja starfsfólk til að hrósa hvert öðru með því að búa til farveg á innri vef þar sem hægt er að senda hrós til samstarfsfólks.

Fróðleikur og félagslíf

Fréttablað starfsfólks, Flöskuskeytið, var gefið út í 6 tölublöðum á árinu og er það sjöunda árið í röð sem blaðið er gefið út. Flöskuskeytið er sent heim til starfsfólks og eru birtar í því margvíslegar fréttir af starfsemi, fyrirhuguð verkefni ársins, fræðsluáætlanir ásamt myndum af fjölbreyttu félagslífi. Margir

atburðir í félagslífinu eru unnir í nánu samstarfi við starfsmannafélag ÁTVR. Má þar nefna fjölskylduhátíð, árshátíð og jólagleði sem almennt er best sótt viðburður ársins og á sér langa sögu og er fastur liður í félagslífi fjölmargra starfsmanna.

Til viðbótar eru daglega birtar fréttir á innri vef, Ásgarði. Þar er auk fréttar að finna margvíslegan fróðleik ásamt nytsamlegum upplýsingum, s.s. handbækur og verklagsreglur. Í desember var hleypt af stokkunum tilraun til að gera enn betur en það var útgáfa á vefriti sem ætlað er að draga saman í stuttu máli það helsta sem er á döfinni og snýr að starfsemi fyrirtækisins. Eftir var til hugmyndasamkeppni meðal starfsfólks um nafn á ritið og hlaut það nafnið Pelinn. Dreifing ritsins er með rafrænum hætti á netföng starfsfólks og til starfsstöðva.

Til að virkja starfsfólk til þátttöku í félagslífi voru á haustmánuðum valdir starfsmenn til að taka að sér hlutverk tengla. Hópurinn telur um 25 starfsmenn og er hlutverk þeirra, eins og nafnið bendir til, að vera tengiliðir við hóp um innra markaðsstarf og starfsmannafélagið. Meginverkefnið er að sjá til þess að upplýsingar um félagslíf og viðburði komist til skila til starfsfólks og hvetja samstarfsfólk til þátttöku í félagslífinu.

Ársverk

Alls fengu 726 starfsmenn greidd laun á árinu. Fastráðið starfsfólk var um 200. Umreiknað í ársverk voru þau 301 í samanburði við 326 árið áður. Í heildina hefur ársverkum fækkað um 7,6%. Aðalástæðan er innleiðing afkastamælikvarða í Vínbúðum sem skilað hefur mikilli hagræðingu í skipulagi mannaúds.

REKSTUR

Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð. Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur fyrirtækisins.

Hagnaður og sölutölur

Hagnaður ÁTVR var 1.375 m.kr. í samanburði við 447 m.kr. árið 2008. Afkoma ársins er sú besta frá því að áfengisgjöld voru aðskilin frá rekstri ÁTVR. Rekstrartekjur voru 25.244 m.kr. Tekjur af sölu áfengis voru 16.974 m.kr. og jukust um 18,7% á milli ára. Tekjur af sölu tóbaks jukust um 19,5% á milli áruna 2008 og 2009 og voru 8.229 m.kr.

Rekstrargjöld voru 23.978 m.kr., þar af var vörunotkun 21.425 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITA) var 1.397 m.kr. eða 5,5% miðað við 1,9% á fyrra ári. Arðsemi eigin fjár á árinu var 42,6%, sem er frábær árangur og umfram væntingar.

Alls voru seldar tæplega 20 m.lítra af áfengi sem er 2,1% minna magn en árið áður. Mest var selt af lagerbjór eða 15,8 m.lítra. Í einstökum vöruflokkum var mikill samdráttur, t.d. 37% í blönduðum drykkjum og 12% í ókrydduðum brennivíni og vodka á milli ára.

Hagkvæmur rekstur


Í samræmi við markmið var farið í fjölmargar aðgerðir til að hagræða í rekstri á árinu 2009. Með samræmdum aðgerðum og markmiðssetningu um afköst starfsfólks þ.e. seldir lítrar pr. unna klst. náðist fram umtalsverður sparnaður í launakostnaði. Sumarafleysingar voru í lágmarki á öllum starfsstöðvum og áætlað er að launakostnaður hafi lækkað um 118 milljónir á milli ára með tilkomu þessara aðgerða ásamt lokun Vínbúðarinnar í Spöng sem var lokað í janúar í hagræðingarskyni.

Leigusamningur um húsnæðið rann út og eftir vandlega skoðun var ákveðið að framlengja hann ekki þar sem húsnæðið var of lítið miðað við æskilegt vöruúrval, bæði verslunarrými og lagerrými. Á síðustu árum hefur salan í Spönginni einnig verið undir væntingum.

Unnið var að mótun framtíðarstefnu í birgðamálum þar sem markmiðið er að lækka birgðahaldskostnað um 5%. Þau verkefni sem unnið hefur verið að eru t.d. ABC vörgreining til að gera birgðahald skilvirkara. Skipulag dreifingar hefur verið endurskoðað og komið hefur verið á samvinnu við birgja um betri yfirsýn yfir birgðir bæði hjá ÁTVR og birgjum.

Dreifing tóbaks var endurskoðuð og er nú öllu tóbaki dreift miðlægt á höfuðborgarsvæðinu frá dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi. Á sama tíma flutti söludeild sem staðsett var í Heiðrónu í dreifingarmiðstöð. Með þessu næst fram betri nýting á starfsfólki og búnaði, en áður var tóbaki dreift frá þremur Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Fræðslumál, orkunotkun, ræstingar og öryggismál eru þættir sem einnig voru teknir til endurskipulagningar og hefur nýtt skipulag í þessum málaflokkum skilað mikilli hagræðingu.



Vínbúðir

Í árslok rak ÁTVR 49 Vínbúðir auk vefverslunar á vinbudin.is. Alls eru 13 Vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Ný Vínbúð var opnuð á Flúðum í júní en Vínbúðinni í Spönginni var lokað. Í janúar flutti Vínbúðin Reykjanesbæ í nýtt og glæsilegt húsnæði. Vínbúðin Fáskrúðsfirði opnaði sem fyrsta sjálfsafgreiðsluverslunin í flokki minnstu Vínbúðanna, en áður höfðu allar Vínbúðir í þessum flokki verið með afgreiðslu yfir borðið. Vínbúðinni á Siglufirði var breytt í sjálfsafgreiðslubúð en Vínbúðin hefur verið þar frá árinu 1932. Vínbúðin á Höfn var flutt um set og er nú staðsett í verslunarkjarnanum Miðbæ. Endurbætur hófust á Vínbúðinni Heiðrónu og lauk þeim í ársbyrjun 2010. Vínbúðin var stækkuð verulega og er bjór nú aðgengilegur í afmörkuðu kældu rými. Vínbúðin var færð í nýtt útlit og aðstaða veisluvinsþjónustu bætt verulega.

Umbóta- og verkefnahópar

Alls störfuðu 12 verkefna- og umbótaþópar á árinu. Umbótaþópur er ætlað að fjalla um ákveðin afmörkuð verkefni og skila tillögum til úrbóta. Á árinu skiluðu þrjú umbótaþópar tillögum. Hópur sem skipaður var árið 2008 skilaði heildstæðum tillögum um framtíðarskipulag fræðslumála. Umbótaþópur um minnkandi ánægju viðskiptavina skilaði metnaðarfullum tillögum sem miða að því að auka ánægju viðskiptavina með því að

veita framúrskarandi þjónustu. Hópur sem fjallaði um endurskoðun birgðatengdra ferla skilaði ítarlegum tillögum sem snúa að vörustjórnun í víðum skilningi. Í árslok var starfandi umbótaþópur sem hefur það verkefni að skoða skipulag, aðgengi og vöruval minni Vínbúða. Hópurinn mun skila tillögum á fyrri hluta ársins 2010.

Verkefnahópum er aftur á móti ætlað að starfa allt árið og fjalla um ákveðin viðfangsefni. Verkefnahópar höfðu eftirfarandi verkefni til umfjöllunar: Endurskoðun ferla, innra markaðsstarf, útgáfu Vínblaðsins og vinbudin.is, smakk, vöruflæði, markmið og árangur, vöruáð áfengis sem hefur það hlutverk að hafa umsjón með vöruvali Vínbúðanna, vöruvalsnæfnd tóbaks og verkefnahópur sem fjallar um kröfur til vöru og umbúða. Hóparnir eru skipaðir starfsfólki frá mismunandi sviðum og starfsstöðvum allt eftir viðfangsefni, en alls tóku um 30 manns þátt í starfi hópanna. Árangur af starfi hópanna er mikill og felst ekki síst í betri samskiptum, skilvirkara vinnulagi og aukinni þekkingu starfsfólks á starfsemi fyrirtækisins.



Má biðja þig að bíða aðeins
- bara þangað til þú verður 20 ára

Fyrirferðarmesti þátturinn í samfélagslegri ábyrgð snýr að skilríkjaeftirliti. Á starfsfólki Vínbúðanna hvílir sú skylda að ganga úr skugga um að viðskiptavinir hafi aldur til að kaupa áfengi og mikil áhersla er lögð á að afgreiða ekki þá sem eru undir 20 ára aldri.

MARKMIÐ OG ÁRANGUR

Árlega eru sett mælanleg markmið um mikilvæga þætti í rekstri ÁTVR. Aðgerðir, mælanleg markmið og áætlaðar framkvæmdir eru kynntar starfsfólki bæði á innri vef og í fréttabréfi til starfsfólks. Í árslok 2008 voru unnar áætlanir til þriggja ára, þ.e. fyrir tímabilið 2009 – 2011.

Markmiðin eru:

- Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja á Íslandi
- Að vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð
- Að vera í hópi 30% bestu fyrirtækja landsins í starfsánægjukönnun Capacent Gallup
- Að árleg arðsemi eigin fjár verði a.m.k. 7% án aðgerða sem stuðla að aukinni sölu
